

Mál nr. 38/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/ dráttvélarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ vöruflutningabifreiðarinnar B.

Árekskur á þjóðvegi nr. 1, Vesturlandsvegi, norðan Gufuár í Borgarbyggð þann 4.9.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Dráttarvélinni A og vöruflutningabifreiðinni B var ekið norður Vesturlandsveg og var A ekið á undan B. A dró sturtuvagn og B dró festivagn. Er ökumaður B hugðist aka fram úr A var A beygt til vinstri inn á malborinn afleggjara að sumarbústöðum og ruslagámum. Varð þá árekskur með ökutækjunum. A hafnaði utan vegar vinstra megin við akstursstefnu, sem og B að hluta. Biðskyldumerki er við afleggjarann sem ökumaður A hugðist aka inn á og brotin miðlína var á Vesturlandsvegi.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið hægt og tekið eftir B í baksýnispegli. Hafi hún verið nokkuð langt fyrir aftan eða við svokallað Stapahlið sunnan Gufuár. Hann kvaðst telja að hann hafi gefið stefnumerki áður en hann beygði.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. A hafi verið ekið talsvert hægt og hafi hann ákveðið að aka fram úr henni, enda hafi öll skilyrði verið til þess. Er hann hafi verið kominn að A hafi henni verið beygt til vinstri. Hafi hann verið kominn það nálægt að árekstri hafi ekki verið forðað. Ökumaður B kvaðst ekki hafa séð nein stefnumerki á A.

Vitni sem ók á eftir B kvaðst hafa séð að stefnumerki loguðu á A til vinstri. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir hvort stefnumerki hafi logað á sturtuvagninum sem A dró.

Álit.

Með hliðsjón af framburði vitnis þykir sannað að ökumaður A gaf stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Ökumaður B átti að taka eftir stefnumerkjagjöfinni jafnvel þótt vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir að stefnumerki hafi logað á sturtuvagninum. Með því að ökumaður A hafði undirbúið greinilega beygju til vinstri með stefnumerkjagjöf bar ökumanni B að aka hægra megin fram úr, sbr. 2. másl. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og ber ökumaður B sök á árekstrinum. Ekki þykir næg efni til að fella sök á ökumann A eins og atvikum var háttað í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.